

ENGA KYRRSTÖÐU

Við viljum atvinnu og uppbyggingu

YFIR 15.000 ÍSLENDINGAR ERU ÁN ATVINNU – ÞVÍ VERÐUR AÐ BREYTA

Samtök atvinnulífsins (SA) komu á síðasta ári að gerð stöðugleikasáttmála með aðild alls vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar. Markmið sáttmálans var að stuðla að samstilltu og öflugri átaki í atvinnumálum.

Skapa átti skilyrði fyrir aukinni fjárfestingu innlendra sem erlendra aðila, auknum hagvexti og leggja grunn að bættum lífskjörum til framtíðar.

SA fylgdu sáttmálanum eftir með aðgerðaáætlun sem nýlega var kynnt undir yfirskriftinni „Atvinna fyrir alla“. Ef fylgt væri öflugri atvinnustefnu gæti kreppunni lokið á þessu ári.

Kynntu þér aðgerðaáætlun
Samtaka atvinnulífsins á
www.sa.is



Ráðherrar telja sig hins vegar óbundna af þeim samningum sem oddvitar ríkisstjórnarinnar hafa undirritað og því hefur traust milli SA og ríkisstjórnarinnar brostið. SA var í raun vísað frá stöðugleikasáttmálanum.

Stórauknar skattbyrðar

- Skattar á heimili og fyrirtæki hafa aukist umfram það sem gengið var út frá við gerð stöðugleikasáttmálans.
- Skattaleg umgjörð fyrirtækja er óhagstæðari en áður sem dregur úr fjárfestingum og atvinnusköpun.

Aðgerðaleysi í atvinnumálum

- Ítrekað hefur verið unnið gegn nýjum verkefnum á sviði orkuvinnslu og orkunýtingar.
- Skipulagi hreppa við neðri hluta Þjórsár var hafnað með fordæmalausum hætti.
- Fjármögnun stórra verkefna með þátttöku lífeyrissjóðanna hefur ekki gengið eftir.
- Andstaða er við stór verkefni til atvinnusköpunar á borð við einkarekin sjúkrahús og fleira.

Hægagangur í mörgum öðrum málum og vanefndir

- Vextir eru enn allt of háir og vaxtamunur milli Íslands og nágrannalandanna of mikill, gjaldeyrishöftin hafa enn ekki verið afnumin og áform um afnám þeirra eru afar metnaðarlítill.
- SA harma að ríkisstjórnin skyldi ekki hafa sett umfjöllun um breytingar á stjórn fiskveiða í sáttafarveg eins og lofað var í yfirlýsingu hennar frá 28. október 2009.
- Ríkisstjórnin skuldbatt sig til þess að lögbinda framlög og iðgjöld til Starfsendurhæfingarsjóðs fyrir árslok 2009. Það var ekki gert.

Viðbrögð SA koma ekki á óvart

Samtök atvinnulífsins hafa allt frá því í október 2009 lýst yfir miklum áhyggjum við ríkisstjórnina vegna framgangs stöðugleikasáttmálans. Upplausn hans er mjög óæskileg vegna mikilvægis þess að samstaða ríki með stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins á þessum erfiðu tímum.

